



Austurlandi, 10. mars, 2020

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) mál 311, um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar.

Á fundi stjórnar SSA þann 10. mars sl. var ofangreind umsagnarbeiðni tekin fyrir. Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) vill í þessu samhengi ítreka ályktun sína frá haustþingi SSA 2019 og er sá kafli er sértaklega tengist málefni þingsályktunar feitletrað í neðangreindum texta.

Haustþing SSA, haldið á Borgarfirði eystri 11. og 12. október 2019, vekur athygli á mikilvægi innanlandsflugs fyrir landshlutann. Þingið fagnar því að skilgreina eigi innanlandsflug sem almenningssamgöngur og að skoska leiðin sé komin inn í fjárlög en ítrekar mikilvægi þess að hún taki gildi í upphafi árs 2020 í samræmi við núverandi samgönguáætlun. Áfram er lögð áhersla á áætlunarflug til Vopnafjarðar með tengiflugi við Akureyri og mikilvægt er að veita áfram nægjanlegu fjármagni til viðhaldsframkvæmda á Vopnafjarðarflugvelli. **Þingið krefst þess að Reykjavíkurlflugvöllur verði til framtíðar staðsettur í Vatnsmýrinni sem taki mið af þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna þarf að sækja nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum, m.a. heilbrigðisþjónustu. Hefja verður framkvæmdir við uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurlflugvöll til að tryggja samþættingu allra samgangna innanlands.** Þingið lýsir yfir áhyggjum af skertri þjónustu Air Iceland Connect við íbúa og fyrirtæki landshlutans.

Ofangreint tilkynnist hér með

F.h. stjórnar SSA,

Jóna Árný Þórðardóttir